



# **Sjálfsmatsáætlun Holtaskóla**

## **2008 - 2011**

### **Áfangaskýrsla**

Skólaárið 2008 - 2009

## Efnisyfirlit

Inngangur.....	bls.	4
1. Bakgrunnsupplýsingar.....	bls.	4
2. Stefna Holtaskóla og starfsemi.....	bls.	4
2.1 Starfsmannastefna Holtaskóla.....	bls.	6
3. Almennar upplýsingar.....	bls.	8
3.1 Húsnæði.....	bls.	8
3.2 Búnaður.....	bls.	8
3.3 Menntun kennara.....	bls.	8
3.4 Stjórnun.....	bls.	9
3.5 Nám og kennsla.....	bls.	9
3.6 Deild fyrir börn með einhverfu (Eikin).....	bls.	9
3.7 Námsmat.....	bls.	10
3.8 Próf og skimanir.....	bls.	10
3.9 Þróunarverkefni.....	bls.	11
4. Sjálfsmat í Holtaskóla.....	bls.	13
4.1 Verkáætlun, mat og viðmið. ....	bls.	13
4.2 Verkáætlun skólaárin 2008 – 2011.....	bls.	14
4.3 Viðmið.....	bls.	16
5. Sjálfsmat Holtaskóla skólaárið 2008 – 2009 (áfangaskýrsla).....	bls.	17
5.1 Aðferðafræði og framkvæmd.....	bls.	17
5.1.1 Viðhorfakannanir.....	bls.	18
5.1.2 Kannanir.....	bls.	18
5.1.3 Rýnihópaviðtöl.....	bls.	18
5.1.4 Starfsmannaviðtöl.....	bls.	18
5.1.5 Námsframmistaða (próf).....	bls.	18
6. Niðurstöður og umbótaáætlanir.....	bls.	19
6.1 Starfsmannaviðtöl.....	bls.	19
6.2 Stefna Holtaskóla.....	bls.	19
6.3 Skólanámskrá.....	bls.	19
6.4 Kennsluaðferðakönnun.....	bls.	20
6.5 Samræmd könnunarpróf.....	bls.	21
6.6 Læsi.....	bls.	22

6.7	Mat á próunarverkefnum.....bls.	22
6.7.1	Greinabundin kennsla.....bls.	22
6.7.2	PBS (stuðningur við jákvæða hegðun).....bls.	24
6.7.3	Brúum bilið.....bls.	25
6.7.4	Lesum saman – vinnum saman.....bls.	25
6.7.5	Skólakór Holtaskóla.....bls.	25
6.8	Húsnæði og búnaður.....bls.	26
6.9	Viðhorf nemenda, foreldra og starfsmanna Holtaskóla....bls.	26
6.9.1	Viðhorf nemenda.....bls.	27
6.9.2	Viðhorf foreldra.....bls.	28
6.9.3	Viðhorf starfsmanna.....bls.	29

## **Inngangur**

Í lögum nr. 66/1995 um grunnskóla, með áorðnum breytingum, er kveðið á um að sérhver grunnskóli skuli innleiða aðferðir til að meta skólastarf. Sjálfsmat skóla er leið til þess að vinna kerfisbundið að gæðum og umbótum í skólastarfi. Grunnskólar hafa tekið miklum breytingum undanfarin ár líkt og aðrar stofnanir í þóðfélaginu, þannig er grunnskólinn t.a.m. orðinn að skipulagsheild sem þróast og breytist í stað þess að vera staðnað regluverk sem keyrt er áfram af gömlum vana. Meta verður eigið starf með reglulegum hætti til að viðhalda þessari þróun, bera matið við markmið skólans og síðustu kannanir og meta síðan hvers kyns umbóta- og/eða þróunarstarf þarf að fara fram til að ná fram viðunandi framförum. Hér er því komið kærkomið tækifæri til að rýna í framtíðina með áherslu á að styrkja skólastarfið og efla einstaka þætti sem þess þurfa með. Þessi áætlun gerir ráð fyrir að metnir verði ólíkir þættir skólastarfsins. Þetta verður hvoru tveggja gert með innra mati, þ.e. það sem starfsmenn skólans meta og einnig með ytra mati, þ.e. kannanir sem aðilar utan skólans leggja fyrir starfsmenn, nemendur og foreldra.

Áætlunin tekur gildi skólaárið 2008 – 2009 og nær yfir þrjú skólaár þannig að síðasta árið verður skólaárið 2010 – 2011.

## **1. Bakgrunnsupplýsingar**

Holtaskóli er einsetinn, langskiptur grunnskóli með um 470 nemendur í 21 bekkjardeild í fyrsta til tíunda bekk og deild fyrir einhverfa nemendur. Starfsfólk er um 80 talsins þar af eru kennarar fjórtíu og sex. Holtaskóli tók til starfa árið 1952, skólahúsnæðið hefur verið stækkað í nokkrum áföngum og rúmar ágætlega það starf sem nauðsynlegt er að fram fari innan veggja skólans. Núverandi skólastjóri Holtaskóla er Jóhann Geirdal og hefur hann gegnt því starfi frá skólaárinu 2007 – 2008. Aðstoðarskólastjóri er Eðvarð Þór Eðvarðsson.

## **2. Stefna Holtaskóla og einkunnarorð**

Hverjum skóla er nauðsynlegt að hafa ákveðna stefnu til að vinna eftir og ekki síst til að átta sig á því fyrir hvað hann stendur.

### **Stefna Holtaskóla**

Stefna Holtaskóla grundvallast á grunnskólalögum, aðalnámskrá grunnskóla, skólastefnu Reykjaneshæjar og sérstöðu Holtaskóla.

### **Leiðarljós Holtaskóla**

Holtaskóli er samfélag sem einkennist af **Virðingu, Ábyrgð, Virkni** og **Ánægju**. Þessi kjörorð eru höfð að leiðarljósi við þau störf sem allir aðilar í skólaflokkuninni koma að, þar með talin eru þau störf sem lúta að því að framfylgja stefnu skólans.

### **Hlutverk**

Hlutverk Holtaskóla er að miðla þekkingu, skapa gott námsumhverfi og styrkja félagsþroska og jákvæða námshegðun.

### **Framkvæmd**

- við miðlum þekkingu með fjölbreyttum kennsluáferðum og kennsluháttum og skilvirkri tengingu við *Aðalnámskrá grunnskóla*.
- við vinnum saman og leggjum metnað í að sækja og miðla hugmyndum og efni jafnt innan skólans og út fyrir skólann.
- við sköpum gott námsumhverfi með því að koma til móts við þarfir, áhuga og hæfileika mismunandi einstaklinga.
- við beitum einstaklingsmiðuðum vinnubrögðum til að koma sem best til móts við náms- og félagslegar þarfir nemenda.
- við kennum jákvæða náms- og félagslega hegðun sem við styrkjum með virkri endurgjöf og uppbyggilegu viðmóti. Til hliðsjónar höfum við fær en einfaldar reglur sem allir starfsmenn og nemendur skólans virða.

Til að ná ofangreindu fram verður starfsfólk Holtaskóla að:

- sýna áhuga og metnað.
- sýna fagmennsku og góða samvinnu.
- vera góðar fyrirmyndir í einu og öllu.
- vinna með foreldrum og nærumhverfi.

### **Afrakstur**

Ofangreint skilar nemendum okkar sterkari út í þjóðfélagið.

Stefna Holtaskóla er tekin út og vottuð af utanaðkomandi aðila einu sinni á ári.

Í stefnu skólans endurspeglast framtíðarsýn hans. Einkunnarorð skólans voru fullmótuð skólaárið 2007 – 2008 og birtast bæði sem stuðningur við stefnu og reglur skólans og þá atferlisstefnu sem starfsmenn skólans hafa ákveðið að tileinka sér, „stuðningur við jákvæða hegðun” sem er búin að vera í undirbúningi undanfarið eitt og hálf ár. Innleiðing atferlisstefnunnar hófst með formlegum hætti mánudaginn 16. mars 2009. Einkunnarorð skólans eru:

**Virðing:** Allir sem þessu samfélagi tilheyra eiga að njóta virðingar og sýna öðrum virðingu. Virðing fyrir öðrum og að njóta virðingar annarra er mikilvægur liður í að byggja upp sjálfsvirðingu hvers og eins. Virðingin einskorðast þó ekki við aðra einstaklinga. Það er líka mikilvægt að starfsmenn og nemendur beri virðingu fyrir viðfangsefnum sínum, tækjum og áhöldum, umhverfi og náttúru svo eitthvað sé nefnt.

**Ábyrgð:** Framkoma okkar og starf er mikilvægt. Það á jafnt við störf stjórnenda annarra starfsmanna og nemenda. Við berum ábyrgð á okkur sjálfum og því sem við gerum. Náms- og vinna okkar er á okkar ábyrgð og því getum við ekki kastað henni yfir

á aðra. Okkur ber líka að umgangast aðra af fullri ábyrgð. Gætum að því sem við segjum við aðra því við gætum sært þá. Við viljum líka að aðrir komi þannig fram við okkur.

**Virkni:** Í því felst að allir sem þessu samfélagi tilheyra leggi sig fram. Virkni stjórnenda, starfsmanna og nemenda á að smita út frá sér, þannig að í sameiningu náist hámarksárangur í samræmi við getu hvers og eins.

**Ánægja:** Líf í skóla á að vera ángæjulegt og það á að vera markmið okkar allra í öllu okkar starfi að skapa andrúmsloft þar sem allir una sáttir við sitt.

### 2.1 Starfsmannastefna Holtaskóla

Starfsmannastefna Holtaskóla byggir hvoru tveggja á starfsmannastefnu Reykjanesbæjar og þáttum sem lúta með sérhæfðum hætti að starfi Holtaskóla.

#### Starfsmannahald skóla og skólaskrifstofu Reykjanesbæjar

Í starfsmannastefnu Reykjanesbæjar segir: Öll starfsemi uppeldis- og fræðslumála byggir á starfsmönnum þeirra stofnanna sem með málefni fara og þeirri aðstöðu sem þeim er búin. Mikilvægt er að fyrir hendi sé starfslýsing sem geri grein fyrir meginverkefnum og skyldum starfsmannsins. Starfsfólki skóla ber skylda til að viðhalda faglegri hæfni sinni með markvissri símenntun. Lögð er áhersla á að starfsmannaþróun haldist í hendur við umbótaáætlarnir skólans.

Samkvæmt Starfsmannastefnu Reykjanesbæjar ber að:

- ráða hæft, áhugasamt og traust starfsfólk.
- tryggja góða vinnuaðstöðu og aðbúnað fyrir starfsfólk skóla.
- gefa kennurum, skólastjórum og öðru starfsfólki kost á símenntun í þeim tilgangi að efla starfshæfni og þekkingu í starfi.
- efla sjálfstæði skóla þar sem umbætur eru afrakstur markviss innra og ytra mats.
- vinna að markvissum umbótum á öllum skólastigum í gegnum símenntunaráætlanir hvers skóla.
- tryggja starfsfólki aðgang að bestu fánlegu símenntunartilboðum hverju sinni.
- halda skrá yfir símenntun kennara og skólastjóra.
- ráða vel menntað fagfólk í öll kennslu- og uppeldisstörf.
- gefa möguleika á að kennarar, stjórnendur og annað starfsfólk flytjist milli skóla.

#### Starfsmannastefna Holtaskóla

Starfsmannastefna Holtaskóla nær til allra starfsmanna skólans. Gildandi lög, reglur og kjarasamningar, eins og þau eru á hverjum tíma, mynda ramma um réttindi starfsmanna og skyldur. Markmið starfsmannastefnunnar er að sjá til þess að Holtaskóli sé áhugaverður vinnustaður þar sem markmiðið er að ná alhliða árangri í skólstarfi með faglegri verkunnáttu allra starfsmanna skólans.

## Markmið stjórnenda

- að þjónustan sé skilvirk en um leið hagkvæm og taki bæði tillit til þarfa þeirra sem þjónustunnar eiga að njóta og þeirra sem að henni standa.
- að ráða hæft, ábyrgt og áhugasamt starfsfólk sem er opið fyrir nýjungum og breytingum og sýnir frumkvæði til að efla og bæta skólastarfið bæði hvað varðar skólabrag og námsárangur.
- að dreifa ákvarðanatöku, valdi og ábyrgð meðal starfsmanna þannig að sjálfstæði þeirra og frumkvæði fái notið sín.
- að upplýsinagastreymi milli starfsfólks sé skilvirkt.
- að vinna að því að starfsfólk sé ánægt á vinnustað og njóti sín hvoru tveggja á faglegum- og félagslegum forsendum.
- að beita sér fyrir því að allur aðbúnaður starfsfólks sé eins góður og kostur er og starfsfólki sé gefinn kostur á endurmenntum og starfsþróun við hæfi.
- að öryggiskröfur og hollustuhættir fari eftir þeim kröfum sem vinnu- og heilbrigðiseftirlit gera til aðbúnaðar á vinnustað.
- að starfsmenn sýni skjólstæðingum sínum sem og samstarfsmönnum heiðarleika og trúnað, og gæti þagmælsku þar sem það á við.
- að allir nýir starfsmenn fái fullnægjandi kynningu á vinnustaðnum og handbók sem inniheldur allar helstu upplýsingar um vinnustaðinn og hvert hann getur snúið sér ef hann þarf á frekari upplýsingum að halda

### **3. Almennar upplýsingar**

Hér á eftir er að finna stutta kynningu á húsnæði, búnaði og starfsháttum skólans. Þetta er gert svo að lesandi geti á einfaldan hátt glöggvað sig á starfsemi og staðháttum.

#### **3.1 Húsnæði**

Húsnæði skólans er 4517 fermetrar á tveimur hæðum með aðgangi að íþróttahúsi og sundmiðstöð í næstu húsum.

Húsakynni eru 20 almennar stofur, stór salur sem notaður er fyrir hvers kyns viðburði og sem mötuneyti. Ein líffræði- og eðlisfræðistofa, tónmenntastofa, þrú tónlistarherbergi, myndmennta- og leirmótunarstofa, hannyrðastofa, glervinnslu- og trésmíðastofur, tvær ritvinnslu- og tölvustofur, bókasafn, tvær sérkennslustofur, lesver, tvær heimilisfræðistofur, kennarastofa, þrjú vinnuherbergi kennara, aðstaða starfsmanna skólans, tvær bókageymslur, skrifstofa skólans, skólastjóra, aðstoðarskólastjóra, deildarstjóra, skólahjúkrunarfræðings, náms- og starfsráðgjafa og umsjónarmanns fasteigna. Einnig er mötuneyti fyrir starfsfólk og nemendur og félagsaðstaða nemenda. Að auki eru tvær lausar kennslustofur við skólann.

#### **3.2 Búnaður**

Í flestum kennslustofum er myndvarpi. Tölva er í hverri stofu og 10 skjávarpar eru til í skólanum. A.m.k. eitt DVD tæki og sjónvarp eru á hverju nemendastigi auk einnar slíkrar samstæðu á bókasafni. Skólinn hefur á að skipa nokkrum ljósritunarvélum, prenturum og öðrum búnaði sem hægt er að nota við skólastarfið. Íþróttaaðstaða er góð. Nemendur fara í leikfimi í íþróttahúsi við hlið skólans. Þar hefur skólinn löggiltan körfuboltavöll til afnota. Sundmiðstöð er einnig við skólann. Þar er 25m innilaug. Aðal útisvæðið er við suðurenda skólans. Þar er kastali, rólur og vegasalt. Einnig er afgirtur fótboltavöllur með gervisgasi sem og upphitaður körfuboltavöllur með 6 körfum. Fyrir ofan skólann er holt en það er vinsælt fyrir hina ýmsu leiki.

#### **3.3 Menntun kennara**

Í Holtaskóla hefur hlutfall réttndakennara aukist jafnt og þétt hin síðari ár. Nú er svo komið að af 46 kennurum eru 43 með kennararéttindi, tveir leiðbeinendur ljúka kennsluréttindanámi annars vegar núna í vor og hins vegar í desember 2009.

### 3.4 Stjórnun

Stjórnendateymi Holtaskóla er skipað skólastjóra, aðstoðarskólastjóra og deildarstjóra. Verkaskipting er tilgreind í fylgiskjöllum og er til endurskoðunar í upphafi hvers skólaárs. Við skólann starfa náms- og starfsráðgjafi, lestrarráðgjafi og umsjónarmaður sérkennslu.

### 3.5 Nám og kennsla

Holtaskóli er grunnskóli fyrir nemendur í 1. – 10. bekkjum. Að jafnaði er hann tveggja hliðstæðna þó er algengt að það séu 3 bekkir í 1. og 2. bekkjum því þar er gert ráð fyrir smærri námshópum meðan að aðlögun að skólastarfinu á sér stað.

Í 1. – 4. bekkjum er hefðbundið bekkjarstarf, þ.e. umsjónarkennari sér um kennslu í flestum fögum í 5. – 10. bekkjum er hins vegar um faggreinakennslu að ræða. Nemendur í 1. – 4. bekkjum hafa 30 kennslustundir í stundaskrá, í 5. – 7. bekkjum eru 35 kennslustundir í stundaskrá og í 8. – 10. bekkjum eru 37 kennslustundir í stundaskrá.

Boðið er upp á fjölbreytt úrval valgreina innan skólans sem og í samvinnu við aðra grunnskóla og Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Þar að auki á Holtaskóli góð samskipti við fyrirtæki í Reykjanesbæ sem taka að sér einstaka nemendur í vinnustaðanám. Skólanámskrá Holtaskóla sem byggð er á *Aðalnámskrá grunnskóla* er leiðandi plagg í uppbyggingu og skipulagi náms og kennslu, því verður skólanámskráin að vera í stöðugri endurskoðun. Ný *Aðalnámskrá grunnskóla* tekur gildi haustið 2011.

### 3.6 Deild fyrir börn með einhverfu (Eikin)

Deild fyrir börn með einhverfu er starfrækt við skólann. Hún var stofnuð haustið 2001 og er opin börnum með einhverfu í Reykjanesbæ. Nemendum deildarinnar hefur fjölgað ört og eru nemendur 24 skólaárið 2008 - 2009. Nemendur deildarinnar eru allir skráðir í umsjónarbekki og njóta þar aðstoðar stuðningsfulltrúa en fá kennslu í Eikinni eftir þörfum hvers og eins. Kennsla í deildinni er að öðru leyti byggð á aðalnámskrá grunnskóla. Deildin hefur skilað góðu starfi og hlotið jákvæða umsögn fagaðila s.s. greiningaraðila. Nauðsynlegt er að fá fleiri menntaða sérkennara til að mæta þeirri miklu aukningu sem á sér stað í deildinni.

### 3.7 Námsmat

Undanfarin þrjú ár hefur mikil vinna verið lögð í endurskoðun á námsmati skólans. Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar stóð fyrir sameiginlegu verkefni með þátttöku allra skóla bæjarins. Umsjón með verkinu hafði Þóra Björk Jónsdóttir, kennslu- og sérkennslufræðingur.

Þessu verkefni lauk formlega í lok skólaárs 2006-2007 með sérstakri handbók um námsmat sem skólarnir hafa sér til stuðnings við áframhaldandi vinnu.

Þessi vinna hefur leitt til þess að námsmat við Holtaskóla hefur tekið miklum breytingum. Helstu breytingarnar taka bæði til innihalds og forms. Námsmatið er mun fjölbreyttara en áður var þ.e. tekur til fleiri þátta en þekkingar á innihaldi námsefnisins, s.s. frammistöðu, vinnubragða, félagslegs styrkleika o.s.frv. Enda er hlutverk grunnskólans, í samvinnu við heimilin, „*Hlutverk grunnskóla, í samvinnu við heimilin, er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífellri þróun*”.

Einnig hafa miklar breytingar átt sér stað á framsetningu matsins. Aukin áhersla er lögð á að veita nemendum og foreldrum þeirra upplýsingar um styrkleika og veikleika nemandans í hverju fagi. Það er m.a. gert með því að láta „bakupplýsingar“ fylgja einkunnablaði nemandans þar sem fram kemur hvað er til grundvallar þeirri tölu sem þar kemur fram. Tilgangur þessarar framsetningar er ekki síst sá að með þessum upplýsingum sé hægt að skapa grunn að dýpra viðtali kennara, nemanda og foreldris á samskiptadögum og að nota þessar upplýsingar til að gera áætlanir um áframhaldandi starf hvers nemanda.

### 3.8 Próf og skimanir

Fyrir utan hefðbundið mat í tengslum við hvert fag (samanber umfjöllun hér á undan „Námsmat“) eru einnig notaðar ýmsar skimanir til að meta getu nemandans miðað við aldur og þroska.

Skimanir í Holtaskóla eru:

- 1. bekkur** Tove Krogh teikniþroskapróf.  
MOT hreyfiþroskapróf.  
Könnun á ritmálsvitund barna (að skilja lestrar- og skriftaraðgerðir) í samvinnu við Skólaskrifstofu.  
Læsi (lesskimunarpróf), raddlestrarpróf.  
Umsjónarkennarar 1. bekkjar fara yfir niðurstöður prófanna í sameiningu með sérkennara.
- 2. bekkur** Læsi, lesskimunarpróf, raddlestrarpróf.

- 3. bekkur** Læsi, raddlestrarpróf.
- 4. bekkur** Raddlestrarpróf og niðurstöður samræmdra prófa eru taldar nægja.
- 5. bekkur** Raddlestrarpróf og GRP 10H. Ef niðurstöður eru undir viðmiðum þá eru viðkomandi nemendur teknir í einstaklingsgreiningu.
- 6. bekkur** Raddlestrarpróf.
- 7. bekkur** Raddlestrarpróf og niðurstöður samræmdra prófa látin nægja.
- 8. bekkur**
- 9. bekkur** GRP 14H greinandi ritmáls og lestrarpróf
- 10. bekkur**

Eftirtalin greinandi próf eru lögð fyrir nemendur ef foreldrar og umsjónarkennarar biðja um nánari greiningu.

- TOLD málproskapróf
- Mat á lestrargetu
- GRP- 10
- GRP 14H
- Aston Index ( lestrar- og skriftarörðugleikar)
- Talnalykill
- Logos

Þá er Íslenski þroskalistinn og fleiri greiningartæki notuð til hliðsjónar við gerð og áætlunir einstaklingsnámskrár.

### **Samræmd könnunarpróf**

Nemendur í 4. – 7. og 10. bekkjum þreyta samræmd könnunarpróf að hausti og eiga þau að nýtast sem verkfæri fyrir áframhaldandi vinnu, þ.e. greina styrkleika og veikleika nemandans þannig að unnið verði að styrkingu á ákveðnum námsþáttum. Þar að auki taka nemendur í 10. bekkjum þátt í Pisa prófi á þriggja ára fresti. Pisa er alþjóðlegt próf og er markmiðið með því að fá fram samanburð á jafnöldrum í yfir 60 löndum í ákveðnum námsþáttum.

### **3.9 Þróunarverkefni**

Í Holtaskóla eru í gangi mörg þróunarverkefni en þau eru:

**PBS** Atferlisstefna sem gengur út á að nemendur framfylgja ákveðnum reglum og fá jákvæðan stuðning frá starfsfólki til að festa þær í sessi. Innleiðing stefnunnar hófst 16. mars 2009.

#### **Greinabundin**

**kennsla** Faggreinakennsla hefur að öllu jöfnu verið stunduð í 8. – 10. bekkjum en frá upphafi skólaárs 2008 hefur hún einnig verið stunduð í 5. – 7. bekkjum.

**Brúm bilið** Samstarf grunnskóla og leikskóla sem gengur hvoru tveggja út á aukinn skilning á starfsemi beggja aðila á starfi hins og að auðvelda skrefið úr leikskóla yfir í grunnskóla.

### **Vinum saman**

#### **Lesum saman**

Markviss vinna með foreldrum nemenda í 1. bekkjum þar sem foreldrar fá ráðleggingar um lestrarkennslu heima fyrir og fá upplýsingar um hversu mikilvægt er að leggja mikla og góða áherslu á lestrarkennslu.

### **Skólakór**

**Holtaskóla** Kórastarf hófst skólaárið 2007 – 2008 með þátttöku 3. og 4. bekkja. Skólaárið 2008 – 2009 bættist einn árgangur við og áætlað er að bæta árgangi við á næsta skólaári.

## 4. Sjálfsmat í Holtaskóla

Grunnskólar hafa ætíð lagt mat á ákveðna þætti starfsemi sinnar, þetta var ekki gert með skipulögðum eða heildstæðum hætti fyrr en ákvæði um sjálfsmat skóla voru færð í lög árið 1995. Í heftinu „Sjálfsmat skóla“ kemur fram að skóli velji sjálfur matsaðferðir og að á fimm ára fresti skuli gerð úttekt á sjálfsmatsaðferðum skóla. Til að sjálfsmat skili ásættanlegum árangri þarf það að taka til sem flestra þátta í skólastarfinu t.a.m. námsárangurs, skólanámskrár, skólastefnu, foreldrasamstarfs, líðan nemenda og starfsmanna, stöðu þróunarvinnu o.s. frv.

Nauðsynlegt er að þeir aðilar sem koma að sjálfsmatsvinnu geri sér grein fyrir að hún nái til lengri tíma. Þrátt fyrir að skólar geri sjálfsmatsáætlanir til ákveðins tíma þýðir það ekki að matinu sé lokið eftir þann tíma, heldur ber að líta á þetta starf sem upphaf að stöðluðu mati á skólastarfi sem ber að endurmeta líkt og aðra starfsemi. Líkt og að ofan greinir verður að meta sem flesta þætti skólastarfsins með skipulag og rétt verklag í forgrunni.

Það er margt sem hafa verður í huga við undirbúning og framkvæmd sjálfsmats í skólum líkt og greinir frá í riti menntamálaráðuneytisins Sjálfsmat skóla. Innihald skólanámskrár segir nánast allt um skólastarf og er því það tæki sem unnið er út frá við sjálfsmat. Í skólanámskránni er að finna öll helstu markmið sem snúa að ytri og innri þáttum starfsins og er þá um leið orðin það tæki sem þarf að endurskoða reglulega með umbætur í huga. Í sem fæstum orðum er meginmarkmiðið að útbúa skipulagðar og skilvirkar leiðir til að komast að því hvaða álit allir hlutaðeigandi hafa á skólastarfinu og hvaða árangri skólastarfið er að skila.

### 4.1 Verkáætlun, mat og viðmið

Til að sjálfsmatsáætlun nái fram að ganga er brýnt að útbúa góða framkvæmdaáætlun sem virka ætti sem góður leiðarvísir í þeirri mikilvægu vinnu sem sjálfsmatsáætlun er. Mikilvægt er að þeir aðilar sem koma að þessari vinnu og manna sjálfsmatsteymið séu með allar upplýsingar um hvernig ferlið eigi að virka þ.e. hvenær eigi að funda, hvenær eigi að leggja fyrir kannanir og svo framvegis. Hér er með öðrum orðum verið að tala um aðgerðaráætlun sem inniheldur t.a.m. tímaáætlun sem er leiðandi skjal í sjálfsmatsvinnu.

- Skilgreining. Sjálfsmat Holtaskóla gengur út á það að leggja mat á innra og ytra mat í skólasterfinu.
- Áfangi. Hér er verið að tala um hvernig skipuleggja og framkvæma eigi einstaka þætti sjálfsmatsáætlunarinnar. Hægt er að nefna sem dæmi foreldrakönnun sem framkvæma á, á samskiptadegi. Hér þarf að skilgreina tilgang, könnunin þarf að vera viðráðanleg og huga þarf að tímasetningu.
- Viðmið um árangur. Nauðsynlegt er að sjálfsmatsteymið setji sér markmið um viðunandi árangur í könnunum og mati. Hér getur komið til huglægt og hlutlægt mat sem allir hlutaðeigandi aðilar taka og getur viðmiðið snúið hvoru tveggja að þátttöku og viðunandi árangurstölum.
- Verkþætti og verkaskiptingu. Tilgreina hvað á að gera, hvar á gera það, hvernig á að gera það og hver á að gera hvað þannig að verkaskipting og samhæfing sé skýr.
- Tímamörk/tímaáætlun. Mikilvægt er að útbúa góða tímaáætlun sem tilgreinir m.a. hvenær sjálfsmatsteymið hittist og fjallar um og metur framvindu áætlunarinnar og hvenær framkvæma eigi kannanir og aðra þætti innan áætlunarinnar.
- Bjargir. Sjálfsmatsteymið þarf að meta hvern einasta þátt í áætluninni þannig að hægt sé að gera sér grein fyrir því hvaða bjargir þarf til að framkvæmd verði með eðlilegum og viðunandi hætti. Þær bjargir sem teymið hefur m.a. aðgang að eru einkunnir, skólanámskrá, fundargerðir, ýmsar kannanir sem framkvæmdar eru með ytra mati, fundargerðir og Mentor skráningar
- Mat á framvindu og lokaárangri. Til að sjálfsmatsáætlun sé marktæk verður að leggja stöðugt mat á einstaka þætti hennar og bera verður niðurstöður og viðmið um árangur saman þannig að hægt sé að koma með tillögur að raunhæfum umbótum.

## 4.2 Verkáætlun skólaárin 2008 – 2011

Sjálfsmat er formlegt mat, þ.e. „traustra upplýsinga um þjónustuna er aflað á kerfisbundinn hátt til að hægt sé að ákvarða um gildi hennar og gæði“. Hér er því, í sem fæstum orðum, verið að ákvarða um hvort að betrubæta beri þjónustuna eða að staðfesting fái á því að hún sé viðunandi. Í heftinu „Sjálfsmat skóla“ kemur fram að kynna verður sjálfsmat fyrir öllum starfsmönnum skólans þar sem áhugi er

vakinn á verkefninu og samstöðu er náð um verklag. Mikilvægt er að kynna þætti líkt og hvað eigi að kanna, verkaskiptingu við hina ýmsu þætti, umfang, tímaáætlun og hvernig vinna eigi úr niðurstöðunum.

Líkt og með önnur viðamikil verkefni er nauðsynlegt að einhver einn aðili sé í forsvari fyrir sjálfsmatsáætlun skóla og beri ábyrgð á verkefninu. Þessi aðili setur saman sjálfsmatsteymi sem hittist reglulega, útbýr framkvæmdaáætlun, metur undangengna hluti, sér um að fylgja tímaáætlun, komi með tillögur að umbótum ef þurfa þykir og taki nauðsynlegar ákvarðanir um framgang verkefnisins. Mikilvægt er að skólastjórnandi sitji í sjálfsmatsteyminu og miðli þannig upplýsingum beint til annarra stjórnenda innan skólans.

Verkefnið hefst haustið 2008 og varir fram að vori 2011. Sjálfsmatsteymi verður stofnað á haustmánuðum 2008 og í því munu sitja: aðstoðarskólastjóri (Eðvarð Þór Eðvarðsson), deildarstjóri (Helga Hildur Snorradóttir), námsráðgjafi (Sigríður Bílddal) og þrír kennarar (Freydís Helga Árnadóttir, Henning Emil Magnússon og Valdís Inga Steinarsdóttir). Eins og gefur að skilja verður sjálfsmatsteymið að fá undirbúningstíma til að ráða ráðum sínum og skipuleggja framkvæmd áætlunarinnar. Teymið verður t.a.m. að ákveða flestar tímasetningar, útbúa eða láta útbúa viðhorfskannanir, ákvarða um viðmið þ.e. hver er ásættanleg niðurstaða úr viðhorfskönnunum á „ánægjuvöginni” og gera ráð fyrir umræðum um umbætur. Eftirfarandi atriði verða lykilþættir í sjálfsmatsáætluninni hjá Holtaskóla:

- Sjálfsmatsteymi fer yfir og metur skólanámskrá Holtaskóla þar sem aðalnámskrá grunnskóla er notuð sem viðmið. Hér vill teymið m.a. sjá bekkjarnámskrár endurspeglar markmið aðalnámskrár.
- Sjálfsmatsteymi fer yfir námsmat og skimanir sem framkvæmdar eru með reglubundnum og stöðluðum hætti í Holtaskóla. Hér er um að ræða undirstöðugóðar upplýsingar sem vert er að gefa gaum í sjálfsmatsvinnu.
- Sjálfsmatsteymi fer yfir ytra mat þ.e. það sem metið er af aðilum utan skólans. Þetta eru t.d. samræmdar kannanir í fjórða, sjöunda og tíunda bekk, Pisa könnunin, kannanir frá Rannsóknunum og greiningu, kannanir frá Sambandi íslenskra sveitafélaga, Námsmatsstofnun og svo framvegis.

Þeir þættir sem fyrirhugað er að meta eru:

- Stefna skólans og framtíðarsýn (Virðing – ábyrgð – virkni) = menntun – markmið – hvernig ætlum við að fara að því að ná þeim fram.
- Starfsmannastefna – starfsmannaviðtöl.
- Fagmennska – menntun kennara – endurmenntun og fagleg umræða.
- Stjórnun Holtaskóla (skólinn + viðhorfakannanir).
- Skólanámskrá Holtaskóla (skólinn og aðalnámskrá grunnskólanna).
- Aðbúnaður. Skólahúsnæði – kennslustofur, sérgreinastofur, matsalur, íþróttaaðstaða, útisvæði og annað aðbúnaður.
- Viðhorf foreldra til skólans.
- Viðhorf nemenda til skólans.
- Viðhorf starfsmanna til skólans.
- Skimanir í 1. – 10. bekkjum Holtaskóla.
- Samræmd könnunarpróf í 4., 7. og 10. bekkjum.
- Viðmið skólaeinkunna úr 3., 6. og 9. bekk við samræmd könnunarpróf.
- Kennsluaðferðir.
- Námsmat.
- Þróunarverkefni í Holtaskóla (PBS – Greinabundinn kennsla – Brúum bilið – Vinna saman/lesum saman – Skólakór Holtaskóla).
- Eikin, einhverfudeild.
- Sérkennsla, almenn sérkennsla (stuðningur) + Námsver.
- Sérfræðipjónusta (starfs- og námsráðgjöf – lestrarfræðingur – sálfræðingur – skólahjúkrunarfræðingur – talmeinafræðingur).
- Viðburðir á vegum Holtaskóla, s.s. jólahátíð, árshátíð, setning Ljósanætur, íþróttadagur og aðrir viðburðir.
- Tenging við nærumhverfi – foreldrasamstarf – miðlun upplýsinga.

### 4.3 Viðmið

Nauðsynlegt þykir að sjálfsmatsteymið tilgreini matsviðmið við vinnu sína. Ef um viðhorfakannanir er að ræða er ásættanlegt ef að svörun úr tveimur fyrstu spurningunum (mjög gott – gott eða t.a.m. mjög ánægður – ánægður) náí 80% eða yfir.

Ef um námsmat (Læsi – samræmd könnunarpróf) er að ræða er ásættanlegt ef að matið er yfir landsmeðaltali eða þeim árangri sem náðist í skólanum árinu á undan. Í rýnihópaviðtölum og starfsmannaviðtölum er ásættanlegt að styrkleikar séu heldur fleiri en veikleikar, ætíð skal þó leitast við að bæta starfið ef um einhverja veikleika er að ræða.

Ef að viðmið eru óásættanleg verður að bregðast við með umbótaáætlun sem gerir ráð fyrir að fyrrgreindir þættir komist í viðunandi ástand.

## **5. Sjálfsmat Holtaskóla skólaárið 2008 – 2009 (áfangaskýrsla)**

Hér á eftir verður greint frá þeim þáttum sem unnir hafa verið út frá verkáætlun um sjálfsmatsvinnu í Holtaskóla skólaárið 2008 – 2009. Greint verður frá niðurstöðum, mati á niðurstöðum og þá hvort þörf er á umbótum í einstökum þáttum áætlunarinnar.

### **Hvað á að meta skólaárið 2008 – 2009?**

- Stefna Holtaskóla
- Skólanámskrá Holtaskóla
- Niðurstöður starfsmannaviðtala
- Kennsluaðferðakönnun
- Samræmd könnunarpróf í 4. og 7. bekkjum
- Læsi
- Mat á þróunarverkefnum
- Húsnæði og aðbúnaður
- Viðhorf nemenda
- Viðhorf foreldra
- Viðhorf starfsmanna

### **5.1 Aðferðarfræði og framkvæmd**

Sjálfsmat Holtaskóla er byggt á eigindlegri og megindlegri aðferðafræði. Helstu aðferðir eru viðhorfakannanir, kannanir, rýnihópaviðtöl, starfsmannaviðtöl, ýmis gögn og skýrslur frá skólanum og stofnunum utan skólans.

### **5.1.1 Viðhorfakannanir**

Framkvæmdar voru viðhorfakannanir til að kanna hug nemenda, foreldra og starfsmanna til skólastarfsins almennt og einnig voru viðhorfakannanir notaðar til að meta hug starfsmanna og nemenda til þeirra þróunarverkefna sem í gangi eru innan skólans.

Samband íslenskra sveitafélaga stóð fyrir árlegri viðhorfakönnun sem lögð var fyrir starfsmenn skólans, nemendur í 7. – 10. bekkjum og foreldra þeirra. Það var 100% þátttaka hjá nemendum, 54.1% þátttaka hjá starfsmönnum og 37,29% þátttaka hjá foreldrum.

Sjálfsmatsteymið kannaði viðhorf nemenda til greinabundinnar kennslu þar sem 60 nemendur úr 5. – 10. bekkjum voru spurðir. Einnig voru kennarar nemenda í fyrrgreindum bekkjum spurðir út í afstöðu þeirra til greinabundinnar kennslu, 17 kennarar fengu spurningalista, 14 svöruðu.

### **5.1.2 Kannanir**

Sjálfsmatsteymið framkvæmdi könnun á notkun kennsluaðferða í Holtaskóla.

### **5.1.3 Rýnihópaviðtöl**

Rýnihópaviðtöl voru tekin við þá kennara sem koma að þróunarverkefnunum „Brúum bilið“, „Lesum saman, vinnum saman“ og „Skólakór Holtaskóla“. Átta kennarar á yngsta stigi ræddu saman um kosti og galla ofangreindra verkefna.

### **5.1.4 Starfsmannaviðtöl**

Starfsmannaviðtöl voru tekin frá mars til maí. Uppistaðan í viðtölunum var fjórþætt, þ.e. mat stjórnanda og starfsmans á starfi viðkomandi, væntingar og óskir fyrir komandi skólaár, líðan á vinnustað og mat starfsmanns á styrk- og veikleikum skólastarfs í Holtaskóla.

### **5.1.5 Námsframmistaða (próf)**

Rýnt var í meðaltalstölur úr samræmdum könnunarprófum úr 4. og 7. bekkjum og niðurstöðurnar bornar saman við landsmeðaltal. Niðurstöður úr Læsisprófum 1. og 2. bekkinga bornar saman við meðaltalstölur skóla í Reykjanesbæ.

## 6. Niðurstöður og umbótaáætlanir

### 6.1 Starfsmannaviðtöl

#### **Styrkleikar**

Í starfsmannaviðtölum voru starfsmenn inntir eftir líðan á vinnustað, flestir svöruðu að starfsandinn væri góður og samskipti manna á millum væru uppbyggileg og gefandi. Langflestir starfsmanna Holtaskóla eru sáttir við starfssvið sitt innan skólans.

#### **Veikleikar**

Kennarar vonast eftir því að hægt verði að bæta við námsútbúnað í nánustu framtíð, úrvalið mætti vera meira hvoru tveggja á yngsta stigi og í sérútbúnum faggreinastofum.

#### **Umbótaáætlun**

Kennarar á yngsta stigi og faggreinakennarar útbúa lista þar sem þeir forgangsraða eftir þörfum hvaða útbúnað þeir þurfa á að halda við kennslu.

### 6.2 Stefna Holtaskóla

#### **Veikleikar**

Formleg stefna ekki til.

#### **Umbótaáætlun**

Vinna við stefnu Holtaskóla hófst í janúar 2009 og lauk með samþykkt á formlegri stefnu Holtaskóla á starfsmannafundi 25. mars 2009. Samþykkt var að stefnan ætti ávallt að vera opin fyrir breytingum og tillögum enda á hún að vera í stöðugri endurskoðun.

### 6.3 Skólanámskrá Holtaskóla

Skólanámskráin er samansett úr tveimur hlutum, annars vegar almennum hluta sem fjallar um starfsemi og þjónustu skólans og hins vegar bekkjarnámskrárhluða þar sem talið er upp hvaða áfanga- og þrepamarkmið nemandinn þarf að tileinka sér.

Í bekkjarnámskrárlutanum er tilgreint með hvaða hætti á að ná þessum markmiðum, þ.e. hvers konar nálgun er beitt, hvaða námsefni á að nota og hvernig námsmati verður hagað.

### **Styrkleikar**

Í almenna hlutanum er að finna haldgóðar upplýsingar um alla almenna/ytri þætti skólastarfsins. Bekkjarnámskrárlutinn er settur upp með skýrum hætti þar sem markmið, nálgun og námsefni eru tilgreind með ítarlegum hætti.

### **Veikleikar**

Vantar ítarlegri upplýsingar um námsmatshlutann, þ.e. hvað á að meta, vægi fyrir fagið og vægi námshegðunar. Bekkjarnámskráin hefur lítið sem ekkert breyst síðast liðin ár þrátt fyrir að aðlögun að nýrri aðalnámskrá hafi átt að eiga sér stað undanfarin tvö ár.

### **Umbótaáætlun**

Skólaárið 2009 – 2010 verða haldnir faggreinafundir með reglubundnum hætti þar sem aðalmarkmiðin eru að aðlaga bekkjarnámskrá Holtaskóla að nýrri *Aðalnámskrá grunnskóla* sem taka á gildi í upphafi skólaárs 2010 - 2011. Samfara þessari vinnu munu kennarar setja upp námssamfellu í hverju fagi frá fyrsta bekk upp í tíunda bekk. Þessari vinnu á að vera lokið 15. maí 2010.

## **6.4 Kennsluaðferðakönnun**

Ákveðið var að kanna kennsluhætti í tvennu lagi. Fyrst færi fram forval og síðan nánari athugun. Forvalið var til þess að þær kennsluaðferðir sem spurt var um væru kennurum vel kunnar. Fylgt var flokkun Ingvars Sigurgeirssonar í *Litrófi kennsluaðferðanna*. Auk þess var bætt við flokki sem kallaðist: Aðrar aðferðir. Í honum var að finna aðferðir sem vitað var að þekktust innan skólans.

### **Styrkleikar/veikleikar**

Kennsluaðferðakönnunin leiddi í ljós að kennarar beita fjölmörgum og ólíkum aðferðum í kennslustofunni. Eins má lesa úr niðurstöðunum að þar sem þörf er á sérstökum úrræðum í kennslu, þar er gripið til þeirra.

Þegar niðurstöðurnar eru skoðaðar betur með tilliti til tíðni notkunar kennsluaðferða, þá vakna spurningar. Margt í niðurstöðunum bendir til þess að kennarinn sé í aðalhlutverki í kennslustofunni og nemendur aðallega mataðir en ekki virkir þátttakendur. Fyrirlestur eða innlögn, sýnikennsla, myndmiðlar, skriflegar æfingar,

vinnubóka og –blaða kennsla, töflukennsla ásamt yfirferð námsefnis eru leiðandi aðferðir. Það sem bendir helst til þess að nemendur séu þátttakendur eru spurnaraðferðir. Hópvinnubrögð eru sjaldgæf og ef lítið er á hvenær þau eru notuð mánaðarlega, sjaldan eða aldrei kemur í ljós að rúm 60% kennara notast lítið við hópavinnu. Annað áhyggjuefni er hvað leitaraðferðir eru lítið notaðar. Að meðaltali nota 86,4% kennara sjaldan eða aldrei þær átta leitaraðferðir sem nefndar eru.

### ***Umbótaáætlun***

Mikilvægt er að opna augu kennara fyrir því að þeirra sérfræðipækking á að vera fólgin í þekkingu og beitingu ólíkra kennsluaðferða. Það er mikilvægara en þekkingarfræði einstakra kennslugreina. Eins þarf að leggja áherslu á breytt hlutverk kennara. Þeir eru ekki lengur í því miðlunarhlutverki sem þeir voru í áður fyrr. Skólaárið 2009 – 2010 mun kennslusérfræðingur koma í tvær heimsóknir í Holtaskóla og kynna ólíkar kennsluaðferðir.

## **6.5 Samræmd könnunarpróf**

Samræmd könnunarpróf voru þreytt síðastliðið haust. Þar sem niðurstöður úr samræmdum könnunarprófum gefa sterklega til kynna stöðu nemandans miðað við að skólanámskrá sé byggð á *Aðalnámskrá* gefa þessi könnunarpróf skýra mynd af námslegum styrkleikum og veikleikum nemandans. Niðurstöður samræmdra könnunarprófa í 4. og 7. bekkjum árið 2008 voru sem hér segir:

<b>4. bekkur</b>	Íslenska	Stærðfræði	<b>7. bekkur</b>	Íslenska	Stærðfræði
<b>Holtaskóli</b>	5,93	6,67		6,65	5,27
<b>Landið</b>	6,4	6,8		7,1	6,5
<b>Suðurnes</b>	6,2	6,8		6,7	6,1

### ***Veikleikar***

Einkunnir eru undir landsmeðaltali og er það óásættanlegt miðað við þau viðmið sem sjálfsmatsteymið gefur sér.

### ***Umbótaáætlun***

Endurmatsteymi á yngsta stigi var sett á laggirnar 12. febrúar síðastliðinn með það að markmiði að auka markviss og skilvirk vinnubrögð. Teymið hefur útbúið verklagsferil sem í grunninn til gengur út á það að auka möguleika nemandans að tileinka sér þrepa- og áfangamarkmið *Aðalnámskrár*. Vinna við þetta ferli og fullmótun þess s.s. eins og prófagerð, áætlunarvinna og vinna við að útbúa ítarefni

við hæfi mun eiga sér stað skólaárið 2009 – 2010.

Greinabundinn kennsla á miðstigi hófst haustið 2008. Með greinabundinni kennslu gefst kennurum kostur á að sérhæfa sig í tilteknu fagi sem leiðir til þess að kennarinn nær betri tókum á námsefninu sem þar að leiðandi ætti að verða til þess að nemandinn tileinkaði sér námsefnið ennþá betur en áður. Nánar er fjallað um greinabundna kennslu í þar til gerðri viðhorfakönnun þar sem þátttakendur voru nemendur úr 5. – 10. bekkjum skólans og rýnihópaviðtölum við kennara.

## **6.6 Læsi**

Ákveðið var að rýna í Læsisniðurstöður í fyrstu til öðrum bekkjum til að sjá hvernig framvindu lestrarkennslu í fyrstu og öðrum bekkjum skólans væri háttað.

### ***Styrkleikar***

Mikil vinna var lögð í að bæta lestrarkennslu á yngsta stigi í vetur. Lestrarfræðingur og umsjónarkennarar unnu náið saman að aðgerðaráætlun (flýta innlögn og nánara eftirlit með nemendum). Þessi vinna bar ótvíræðan árangur líkt og sjá má á niðurstöðum. Í fyrra rak Holtaskóli lestina á Suðurnesjum en í á er Holtaskóli með hæsta meðaltalið. Ekki þarf að fjölyrða meira um það.

### ***Umbótaáætlun***

Unnið verður áfram að bættri lestrarkennslu á yngsta stigi þar sem samvinna lestrarfræðings, umsjónarkennara og foreldra verður í fyrirrúmi.

## **6.7 Mat á þróunarverkefnum**

Ýmis þróunarverkefni eru í gangi í Holtaskóla.

### **6.7.1 Greinabundin kennsla**

Greinabundin kennsla hefur ætíð verið viðhöfð á unglingastigi en var hins vegar tekin upp að stórum hluta á miðstigi skólaárið 2008 – 2009. Kennarar og nemendur svörurðu viðhorfskönnun um greinabundna kennslu í apríl mánuði 2009 og fara helstu niðurstöður könnunarinnar hér á eftir. Spurningakvarðinn var samansettur úr fimm svarmöguleikum, t.d. alltaf/oftast/stundum/sjaldan/aldrei.

### ***Styrkleikar***

Eftirfarandi spurningar fengu jákvæða svörun.

- Hversu ánægður ertu með greinabundna kennslu?
- Telur þú að greinabundin kennsla geti aukið námsárangur?
- Auðveldar greinabundin kennsla þér að finna námsefni við hæfi?
- Nýtist undirbúningstími betur í greinabundinni kennslu?

Þegar kennarar voru beðnir um að nefna helstu kosti greinabundinnar kennslu komu eftirfarandi atriði oftast fram:

- Betri yfirsýn yfir námsefnið í heild. Betri undirbúningur.
- Kennarar með sérþekkingu kenna fagið. Mikil breidd í framsetningu námsefnis.
- Faggreinastofur (öll gögn til staðar).
- Auðveldara að hafa nemendur í námsefni eftir getu.

Nemendur (sama og að ofan).

- Hversu ánægður ertu með greinabundna kennslu?
- Finnst þér þú fá námsefni við hæfi í greinabundinni kennslu?
- Hvernig finnst þér að skipta um stofur á milli námsgreina?

Þegar nemendur eru beðnir um að nefna helstu kosti greinabundinnar kennslu koma eftirfarandi atriði oftast fram:

- Kennarar vita meira um námsefnið og eru öruggari.
- Meiri fjölbreytni í kennslu.
- Tímarnir eru skemmtilegri.
- Gott að geta skipt um stofur (teygja aðeins úr sér).

### **Veikleikar**

Kennarar. Ljóst er að hægt er að bæta eftirfarandi þætti.

- Hvernig gengur að finna tíma til samvinnu?
- Hvernig er samvinna milli kennara í greinabundinni kennslu?

Þegar kennarar eru beðnir um að meta helstu galla greinabundinnar kennslu koma eftirfarandi atriði oftast fram:

- Minni tengsl við umsjónarnemendur.
- Minna samstarf.
- Hætt við einangrun.
- Skortur á kennslugögnum.
- Ekki langskipta kennslunni heldur þverskipta. Kenna 2 – 3 árgöngum í stað 5 – 6 bekkja í jafnmörgum árgöngum.

Nemendur (sama og að ofan).

- Telur þú að greinabundinn kennsla geti bætt námsárangur?

Þegar nemendur eru beðnir um að meta helstu galla greinabundinnar kennslu koma eftirfarandi atriði oftast fram:

- Skipta of mikið um stofur.
- Þarf að burðast með töskuna of mikið.

### ***Umbótaáætlun***

Á skólaárinu 2009 – 2010 verður aukin áhersla lögð á að sami kennarinn kenni sama árgangi í stað þess að tveir kennarar kenni sitt hvorum bekknum innan sama árgangs sama fagið. Faggreinafundir verða haldnir með reglulegu millibili skólaárið 2009 – 2010 til þess að auka samvinnu, vinna aðlögunarvinnu vegna nýrrar aðalnámskrár og fara yfir og betrum bæta samfellu í hverju fagi frá 1. upp í 10. bekk.

### **6.7.2 PBS (Stuðningur við jákvæða hegðun)**

PBS (stuðningur við jákvæða hegðun) er heildstætt atferlismótunarkerfi sem tekið var upp í Holtaskóla þann 16. mars eftir rúmlega eins og háls árs undirbúning. Lögð er áhersla á að hrósa nemendum og veita þeim staðfestingarmiða fyrir rétta hegðun.

#### ***Styrkleikar***

Þegar spurt er að því hvernig kennsla á PBS reglum gengur svara kennarar á yngsta og miðstigi því til að kennslan hafi gengið vel. Sömu aðilar nota hvoru tveggja hrós og staðfestingamiða daglega en kennarar á unglíngastigi nota hrós daglega. Allir aðilar telja starfsmenn vera vel undirbúna og að leiðbeiningamappan sé til fyrirmyndar. Allir starfsmenn telja einstaklinga og hópa eiga auðveldar með að fara eftir fyrirmælum því líkt og kerfið gerir ráð fyrir þá nota starfsmenn samskonar fyrirmæli.

#### ***Veikleikar***

Kennsla á reglum gengur ekki nægilega vel á unglíngastigi. Það virðist vera misjafnt hvernig kennarar á unglíngastigi útdeila staðfestingamiðum.

### ***Umbótaáætlun***

Á skólaárinu 2009 – 2010 verður boðið upp á styrkingu á meginmarkmiðum stefnunnar og til hvers er ætlast af starfsmönnum.

### 6.7.3 Brúum bilið

Brúum bilið er samstarf leikskóla og grunnskóla í þeirri viðleitni að auðvelda skrefið fyrir leikskólanemendur yfir í grunnskólann. Rýnihópi var falið það verkefni að tína til styrkleika og veikleika verkefnisin.

#### **Styrkleikar**

Brýtur upp skólastarfið. Nemendur fá að njóta sín þegar þeir fá leikskólanemendur í heimsókn t.a.m. þegar þeir sýna þeim og segja frá. Sömu sögu er að segja þegar þeir fara í heimsókn í leikskólann þá fá þeir að njóta sín í leik.

### 6.7.4 Lesum saman – vinnum saman

Lesum saman, vinnum saman þar sem foreldrar 1. bekkjar nemenda fá leiðsögn í lestrarkennslu og eftirfylgni í lestrarkennslu. Þetta námskeið á sér stað á sama tíma og nemendurnir hefja nám í skólanum. Rýnihópur ræddi kosti og galla, hér á eftir gefur að líta mat rýnihópsins.

#### **Styrkleikar**

- Foreldrar fá innsýn í hvernig lestrarnámið fer fram í skóla.
- Undirstrikar hversu mikilvægt lestrarnám er fyrir allt annað nám.
- Foreldrum gert grein fyrir að þeir eru í aðalhlutverki í lestrarkennslu og fá því á tilfinninguna að þeirra er mikil þörf.
- Mikill kostur að lestrarfræðingur heldur þessi námskeið.

### 6.7.5 Skólakór Holtaskóla

Kórinn hefur verið starfræktur í tvö ár sem þróunarverkefni. Nemendur geta farið í kórinn þegar þeir eru komnir í þriðja bekk. Rýnihópur mat styrkleika og veikleika.

#### **Styrkleikar**

Að mati kennara sem tóku þátt í rýnihópaviðtölum þá er þátttaka í kórnum gott hópefli, nemendur læra vísur og söngva, kórinn setur svip á skólasamkomur og eflir sjálfsaga og sjálfstraust kórmeðlima.

#### **Veikleikar**

Að mati kennara eru helstu veikleikar kórþátttöku þeir að æfingarnar eru á skólatíma og skapar það truflun fyrir utan það að minna verður úr kennslu fyrir þá fáu sem eftir eru og nemendur missa af verkefnum og eru þar af leiðandi oft að vinna upp ákveðin verkefni.

### ***Umbótaáætlun***

Skólaárið 2009 – 2010 munu 3. og 4. bekkir hafa kórsöng inni í stundatöflu sem listgrein en 5. og 6. bekkir geta valið að taka þátt í kórsöng þar sem annar tíminn verður á skólatíma en hinn utan skólatíma.

### **6.8 Húsnæði og búnaður**

Húsnæði er ágætlega viðhaldið og hafa verið gerðar breytingar á fyrirkomulagi kennslustofa, núna síðast þegar að textílstofa og smíðastofa voru minnkaðar og þ.a.l. skapaðist rými fyrir glerlist/leirlist þar sem hluti smíðastofunnar var og sérkennslu þar sem hluti textílstofunnar var.

#### ***Styrkleikar***

Fyrirkomulag á húsnæði hentar ágætlega, tengsl við sundlaug og íþróttahús eru ágæt.

#### ***Veikleikar***

Ef það eru fleiri en þrír bekkir í einum árgangi er þegar komið vandamál með kennslustofur. Staðlaður kennslubúnaður s.s. skjávarpar mætti vera kominn í fleiri stofur, leiktækjum er ábótavant á skólalóð.

### ***Umbótaáætlun***

Lítið hægt að aðhafast varðandi húsnæði. Skólinn mun halda áfram að fá tækjabúnað með jöfnu millibili samkvæmt úthlutunarreglum Reykjanesbæjar. Nýjum leiktækjum verður komið fyrir á skólalóðinni sumarið 2009.

### **6.9 Viðhorf nemenda, foreldra og starfsmanna Holtaskóla**

Til að fá sem heildstæðasta mynd af skólstarfinu er nauðsynlegt að fá sýn þeirra sem að starfinu koma. Í viðhorfakönnun sem fram fór í apríl síðastliðnum að tilstuðlan Sambands íslenskra sveitafélaga (Skólavogin 2009) voru nemendur í 7. – 10. bekkjum, foreldrar þeirra og starfsmenn skóla spurðir ýmissa spurninga sem snerta skólastarfið. Teknar voru nokkrar spurningar úr könnunum hvers hóps með það að leiðarljósi að þær endurspegluðu þætti líkt og líðan, kennslu og aðbúnað. Sú prósentutala sem gefin er upp hér á eftir er samtala úr tveimur efstu þáttunum (t.d. mjög mikið og mikið). Hafa skal í huga að sjálfsmatsteymið setti það viðmið að ásættanleg svörun úr þessum tveimur þáttum ætti að vera yfir 80%. „Hvorki né” svarmöguleikinn eða ígildi hans fylgir með í sviga þar sem það á við.

### 6.9.1 Viðhorf nemenda

Hér að neðan verður tilgreint hvaða spurningar voru valdar úr könnuninni og hvað tveir efstu þættirnir eru með mörg prósent samtals.

- Er námið mjög eða lítið mikilvægt fyrir þig? 79% (16%)
- Hve margir eða fáir kennarar vekja hjá þér áhuga á að læra? 25% (nokkrir 38%)
- Færðu krefjandi verkefni í skólanum sem virkilega reyna á? 33% (48%)
- Er starfsfólkið vingjarnlegt við þig? 84% (11%)
- Líður þér vel eða illa í frímínútum? 90% (7%)
- Líður þér vel eða illa í kennslustundum? 78% (18%)
- Ertu kurteis við starfsfólkið í skólanum? 93% (6%)
- Mæta kennarar þínir stundvíslega í tíma? 82% (stundum 16%)
- Eiga kennarar þínir auðvelt með að ná athygli allra nemenda þegar á þarf að halda? 44% (stundum 42%)
- Ert þú stundvís? 89% (stundum 8%)
- Passa kennarar í þínum skóla upp á að nemendur séu ekki lagðir í einelti? 74% (stundum 16%)
- Ertu ánægður með íþróttaðstöðuna í skólanum? 90% (5%)
- Ertu ánægður með námsráðgjöf í þínum skóla? 66% (27%)
- Hve ánægður ertu með skólann þinn? 73% (16%)

#### **Styrkleikar**

Þættir tengdir líðan, viðmóti og ánægju með ytri þætti skólans koma ágætlega út. Hér nægir að nefna líðan í frímínútum og kennslustofum, vingjarnlegt starfsfólk, kurteisi við starfsfólk og ánægja með aðstöðu og skólann í heild.

#### **Veikleikar**

Einungis 25% nemenda segja alla/marga kennara vekja hjá sér áhuga á að læra, 33% nemenda segjast alltaf/oft fá krefjandi verkefni til úrlausnar og 44% segja kennara ná að fanga athygli nemandanna þegar á þarf að halda.

#### **Umbótaáætlun**

Starfsmenn Holtaskóla munu rýna í niðurstöður og veita þáttum með lökustu niðurstöðunum athygli og betrubæta þá ef þeir komast að þeirri niðurstöðu að þetta snerti þá.

### 6.9.2 Viðhorf foreldra

Góð samvinna heimila og skóla er eitt mikilvægasta atriðið í skólastarfi. Því er gott að fá sýn foreldra á ýmsa þætti skólastarfsins.

- Hversu ánægður/óánægður ertu með áhuga barnsins á náminu? 75% (11%)
- Hvernig er komið til móts við námslegar þarfir barnsins? 77% (11%)
- Telur þú barnið vera ánægt eða óánægt í skólanum? 74% (17%)
- Upplýsingar um námslegar framfarir barnsins? 77% (11%)
- Upplýsingar um námsefni? 43% (32%)
- Upplýsingar á heimasíður skólans? 78% (16%)
- Hversu ánægður/óánægður ertu með tölvusamskipti við kennara og stjórnendur skólans? 84% (11%)
- Möguleikar á að fá viðtal við umsjónarkennara? 91% (8%)
- Finnst þér starfsfólk skólans sýna þér vingjarnlegt viðmót? 94% (5%)
- Möguleikar þínir til að hafa áhrif á skólastarfið? 47% (44%)
- Hefur skólinn tekið nægjanlega vel á einelti? 46% (42%)
- Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með skóla barnsins almennt? 91% (6%)

#### **Styrkleikar**

Niðurstöður úr spurningum er varða samskipti og ánægju með skólann í heild eru jákvæðar.

#### **Veikleikar**

Helstu veikleikar eru augljóslega þeir að 46% eru mjög ánægðir/ánægðir með hvernig tekið er á einelti (42% segja hvorki né). 47% forráðamanna eru mjög ánægðir/ánægðir með möguleika til að hafa áhrif á skólastarfið.

#### **Umbótaáætlun**

Fundinn verður vettvangur fyrir foreldra þar sem þeir geta komið hugmyndum á framfæri, annað hvort í gegnum skólaráð eða beint til skólastjórnenda. Þetta mun gerast fyrir fyrsta samskiptadag á skólaárinu 2009 – 2010.

### 6.9.3 Viðhorf starfsmanna

Viðhorf starfsmanna lýsir betur en flest annað því eiginlega starfi sem á sér stað innan veggja skólans sem og þeim starfsanda sem ríkir innan skólans.

- Aðgengi að upplýsingum sem eru nauðsynlegar starfsins vegna? 92% (3%)
- Aðgengi að hjálpargögnum og tækjum? 61% (31%)
- Ber ábyrgð og hef svigrúm til þess að vinna sjálfstætt? 97%
- Aðstaða í kennslustofu og á öðrum vinnusvæðum? 66% (19%)
- Samstarf við samkennara? 97%
- Samskipti við stjórnendur? 94% (5%)
- Koma að ákvarðanatöku og stefnumótun innan skólans? 59% (27%)
- Byrð þú yfir góðri færni til að sinna starfi þínu? 100%
- Hefur þú möguleika á endurmenntun á starfi þínu? 95% (3%)
- Möguleikar til að þróast sem fagmanneskja og einstaklingur í starfi þínu? 92% (8%)
- Þekkir þú skólastefnu skólans? 92% (3%)
- Kemur skólinn til móts við ólíkar þarfir nemenda? 89% (8%)
- Er tekið á aga- og samskiptavandamálum nemenda? 100%
- Er tekið á eineltismálum? 86% (11%)
- Eru námsmatsaðferðir fjölbreyttar? 86% (14%)
- Finnst þér skólinn hafa jákvæða ímynd meðal bæjarbúa? 92% (8%)
- Ertu stolt(ur) af skólanum þínum? 97% (3%)

#### **Styrkleikar**

Ákaflega jákvæð svörun sem ber með sér ánægju og sjálfstraust í starfi.

#### **Veikleikar**

Aðstaða í kennslustofum og aðgengi að hjálpargögnum. 59% starfsmanna eru mjög ánægðir/ánægðir með möguleika að koma að ákvarðanatöku og stefnumótun skólans.

#### **Umbótaáætlun**

Svörunin varðandi aðstæður og hjálpargögn kemur heim og saman við niðurstöður úr starfsmannaviðtölum. Fundinn verður vettvangur fyrir starfsmenn þar sem þeir geta með einföldum hætti komið hugmyndum um skólastarfið á framfæri við stjórnendur.



## Kennsluaðferðakönnun

Ákveðið var að kanna kennsluhætti í tvennu lagi. Fyrst færi fram forval og síðan nánari athugun. Forvalið var til þess að þær kennsluaðferðir sem spurt var um væru kennurum vel kunnar. Fylgt var flokkun Ingvars Sigurgeirssonar í *Litrófi kennsluaðferðanna*. Auk þess var bætt við flokki sem kallaðist: Aðrar aðferðir. Í honum var að finna aðferðir sem vitað var að þekktust innan skólans. Níu yfirflokkar Ingvars eru: 1. Útlistunarkennsla, 2. Þulunám og þjálfunaræfingar, 3. Verklegar æfingar, 4. Umræðu- og spurnaraðferðir, 5. Innlifunaraðferðir og tjáning, 6. Þrautalausnir, 7. Leitaraðferðir, 8. Hópvinnubrögð og 9. Sjálfstæð skapandi viðfangsefni. Í flokknum sem bætt var við voru eftirfarandi aðferðir: TEACCH, Hugræn atferlismeðferð (báðar notaðar við *Eikina*, móttökudeild fyrir einhverfa), CLIM (notað við deild fyrir nemendur með íslensku sem annað tungumál), gagnvirkur lestur og hugtakakort (Skólaskrifstofa Reykjanesbæjar hélt námskeið fyrir grunnskólana fyrir fimm árum).

Kennarar voru beðnir um að merkja við þær aðferðir sem þeir könnuðust við að hafa notað. 40 af 45 kennurum tóku þátt. Ekki skipti máli hvort þetta voru aðferðir sem þeir notuðu daglega eða örsjaldan. Hvort þeir væru að nota aðferðirnar í dag eða hefðu nýtt sér þær áður á ferli sínum.

Forvalið leiddi í ljós að kennarar við skólann hefðu marga fjöruna sopið þegar kom að kennsluaðferðum.

Mest fylgis nutu útlistunarkennsla (63.2%), þulunám og þjálfunaræfingar (68.4%) og verklegar æfingar (77.5%). Algengustu aðferðirnar innan útlistunarkennslu fyrirlestur og innlögn, sýnikennsla og myndmiðlar. Innan þulunáms og þjálfunaræfinga var mikið notast við skriflegar æfingar, vinnubókar- og vinnublaðakennslu, töflukennslu, námsleiki, auk þess var algengt að verja tíma í yfirferð námsefnis og að lesa, spurja og spjalla um námsefni. Verklegum æfingum var ekki skipt í neina undirflokkar.

Minnst fylgi var við sjálfstæð, skapandi vinnubrögð (29%), leitaraðferðir (25.8%) og umræðu- og spurnaraðferðir (31.4%). Þó voru nokkrir aðferðir innan þessara flokka algengar, t.a.m: Þemanám (52.5%) innan fyrsta flokksins, vettvangsathuganir (45%) innan leitaraðferða og spurnaraðferðir (62.5%) og umræðuhópar (52.5%) innan síðastnefnda flokksins.

Innlifunaraðferðir (56%), þrautalausnir (43.8%) og hópvinnubrögð (42.5%) lentu á milli. Ánægjulegt er að sjá hversu mikið innlifunaraðferðir eru nýttar en að sama skapi

undarlegt að minna en helmingur kennara hafi reynt hópvinubrögð.

Af öðrum aðferðum var 17.5% fylgi við TEACCH og hugræna atferlismeðferð sem notaðar eru við *Eikina*. Fáir könnuðust við CLIM (7.5%). En ríflega helmingur hafði notast við aðferðirnar sem Skólaskrifstofa Reykjaneshæjar hafði kennt: Gagnvirkur lestur (55%) og hugtakakort (52,5%). Það útskýrist m.a. af því að nýliðun hefur átt sér stað síðan námskeiðin voru haldin.

Að forvali loknu var könnunin lítillega endurskoðuð. Flokkur 3: Umræðu- og spurnaraðferðir var einfaldaður. Einnig flokkur 7: Leitaraðferðir. Þetta var gert til að koma í veg fyrir misskilning og tvítekningar. Uppsetning var einnig bætt. Þátttakendur voru einnig beðnir um að merka hversu oft þeir notuðust við eftirfarandi aðferðir. Valmöguleikarnir voru: Aldrei, sjaldan, mánaðarlega, vikulega og daglega. Þegar könnunin var tekin vantaði margi starfsmenn. Þeim hefur verið afhentur listi og beðið er eftir svörum þeirra áður en endaleg niðurstaða er kunngjörð.

## **Mat og algengar matsaðferðir**

Þar sem mat er undirstöðuatriði í sjálfsmatsáætlun er nauðsynlegt að varpa eilíttu ljósi á hugtakið og skilgreina það. Mat er víðfeðmt hugtak og þ.a.l. ekki einfalt að skilgreina það, þetta sést best þegar litið er á skilgreiningar hinna ýmsu menntunarfræðinga sem í grunninn til eru sammála um grunnforsendur mats en túlka þær með mismunandi hætti. Forsendur breytinga eru byggðar á hvers kyns mati, þannig eru ýmsir þættir skólustarfsins metnir og teknar eru ákvarðanir um umbætur ef þess þarf.

## **Formlegt mat**

Formlegt mat þau einkenni að „traustra upplýsinga um þjónustuna er aflað á kerfisbundinn hátt til að hægt sé að ákvarða um gildi hennar og gæði“. Út frá

Þessari skilgreiningu er sjálfsmat formlegt mat, því þar er án nokkurs vafa verið að afla gagna með stöðluðu gagnaöflunarformi sem hægt er að nota sem viðmið ár eftir ár í niðurstöðutúlkunum.

## **Leiðsagnarmat og lokamat**

Leiðsagnarmat er nauðsynlegt þegar unnið er að þróunarstarfi sem þarfnast mats á ýmsum stigum starfsins. Ástæðan er sú að leiðsagnarmat veitir mikilvægar upplýsingar um stöðu mála eða ákveðna þjónustu. Þannig er hægt að nota upplýsingar sem unnar eru út frá leiðsagnarmati til að bæta ýmsa þætti skólastarfs. Skýrt dæmi um leiðsagnarmat er þegar litið er á stöðu nemanda í einstaka þáttum samræmdra prófa í fjórða og sjöunda bekk og unnið er út frá niðurstöðunum með því markmiði að nemandinn bæti sig í þeim þáttum sem komu ekki nógu vel út.

Lokamat er notað til að ákvarða hvort halda eigi áfram með ákveðna þjónustu innan skóla í óbreyttri mynd, bæta hana með einhverju móti eða hvort tímabært sé að slá hana af.

## **Innra og ytra mat**

Þegar meta á starfsemi stofnunar er mikilvægt að matið sé réttmætt og að því komi hvoru tveggja aðilar innan stofnunarinnar og utan hennar. Með þessu móti fá aðilar innan stofnunarinnar nauðsynlega birtingarmynd af ýmsum þáttum sem erfitt er fyrir þá að meta sökum of mikillar nálægðar. Einn af lykilþáttum utanaðkomandi mats er að veita samanburð við aðra skóla á hinum ýmsu sviðum, sem segir jú heilmikið um stöðu skólastarfs.

Innra og ytra mat er samkvæmt Rúnari Sigpórssyni og félögum skilgreint á eftirfarandi hátt:

**Með innra mati er átt við að starfsfólk skóla afli á skipulegan hátt**

**upplýsinga um starfsemi eigin skóla til að leggja mat á hana.**

**Hugtakið ytra mat vísar aftur á móti frekar til þess að ytri aðilar**

**hafi veg og vanda af slíku mati.**

Þegar vel er að gáð kemur í ljós að skólar beita innra mati í talsverðum mæli hvoru tveggja til að afla gagna um framvindu námsárangurs og einnig til að meta aðra nauðsynlega þætti í skólastarfinu.